

# Bókunarboð

Last Modified on 23/06/2026 1:36 pm BST

Lærðu hvernig þú getur sent viðskiptavininum þínum boð um bókun.

Með því að senda bókunarboð getur þú sent viðskiptavininum þínum boð um að bóka tíma hjá þér. Góður kostur ef þú vilt að viðskiptavinur staðfesti bókunina og/eða greiði staðfestingargjald.

## Hvernig sendi ég bókunarboð?

1. Smellir á dagatalið á þann tíma sem þú vilt bjóða.
2. Fyllir út upplýsingar um viðskiptavin.
3. Smellir á **senda bókunarboð**.

The screenshot shows a mobile app interface for sending a booking message. The header displays 'Margrét @ 10:45 - fim 8'. The interface is divided into two main sections: 'Viðskiptavinur' (Customer) and 'Nýr tími' (New time slot). The 'Viðskiptavinur' section contains fields for 'Bílnúmer' (Car number), 'Nafn' (Name) with the value 'Jóhanna Jónsdóttir', 'Símanúmer' (Phone number) with '+354', 'Kennitala' (ID number), 'Netfang' (Email) with 'johanna@johanna.is', and 'Minnispunktur sem fylgja viðskiptavini' (Remember customer name) with 'Leikskólaáskennari'. The 'Nýr tími' section includes 'Tímasetning' (Time slot) set to '8 jan 2026 - 10:45', 'Endurtaka' (Repeat) set to 'Aldrei', 'Bílnúmer' (Car number), 'Þjónusta' (Service) with a dropdown menu showing 'Endurkoma (60 mín - 8.000 ISK)', 'Helti þjónustu' (Service type) with 'Endurkoma', 'Tegund tíma' (Time type) set to 'Venjulegur' and 'Lengd (min)' (Duration) set to '60', and 'Pása' (Password). At the bottom, there are two buttons: 'Senda bókunarboð' (Send booking message) and 'Bóka tíma' (Book time slot). A blue arrow points from the 'Senda bókunarboð' button to the 'Minnispunktur' field.

4. Stillir hversu lengi bókunarboðið á að vera í gildi og bætir við skilaboðum með boðinu ef það á við.
5. Smellir á **senda bókunarboð**.

## Bókunarboð



Með því að senda bókunarboð, fær viðskiptavinurinn tölvupóst og tilkynningu í Noona appið. Bókunin verður í biðstöðu þangað til hann svarar boðinu. Ef þú ert með fyrirframgreiðslur virkjaðar, þarf viðskiptavinurinn að greiða til þess að geta samþykkt boðið.

**Anna Jónsdóttir**

7777777

15:45 · 50 mín · 18. jún 2026

**Netfang viðskiptavinar**

**Send via SMS**

**Rennur út eftir** 2 klst ▾

**Skilaboð** Breyta >


Það var að losna tími hjá mér sem ég vil endilega bjóða þér.

**Senda bókunarboð**

**Hætta við**



🔔 Bókunarboðið birtist röndótt á dagatalinu á meðan það er í biðstöðu. Þegar bókunarboðið hefur verið samþykkt birtist litur þjónustunnar á tímabókuninni en ef bókunarboðið rennur út þá hverfur bókunarboðið af dagatalinu.




## Hvað þarf viðskiptavinurinn að gera?


Með því að senda bókunarboð, fær viðskiptavinurinn tölvupóst og tilkynningu í Noona appið. Bókunin verður í biðstöðu þangað til boðinu er svarað. Ef þú ert með fyrirframgreiðslur virkjaðar, þarf viðskiptavinurinn að greiða til

Þess að geta samþykkt boðið.

## Tilkynning frá Noona appinu:



## Tölvupóstur:



## Dæmi um notkunartilvik

### Iðunn – sálfræðistofa

Iðunn rekur sálfræðistofu og býður skjólstæðingum sínum ekki upp á að bóka tíma sjálfir á netinu. Í stað þess sér hún sjálf um að finna viðeigandi tíma og bóka fyrir þau. Með því að nota bókunarboð getur hún sent skjólstæðingum tillögu að tíma á einfaldan og þægilegan hátt, án þess að þurfa að hringja eða eiga í löngum tölvupóstsamskiptum. Skjólstæðingurinn fær boðið og getur auðveldlega staðfest tímann.

### Pétur – hárlengingar

Pétur vinnur við að setja hárlengingar og bókar oft næsta tíma hjá viðskiptavinum sínum í lok hvers tíma. Þar sem hver meðferð tekur langan tíma hefur það mikil áhrif ef viðskiptavinir mæta ekki. Til að draga úr líkum á því sendir Pétur bókunarboð í stað þess að bóka tímann beint í dagatalið. Viðskiptavinurinn þarf að staðfesta tímann og greiða staðfestingargjald áður en bókunin verður staðfest, þannig er hann öruggur um að fá alltaf eitthvað fyrir sinn tíma.

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur? Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbútbluna eða á netfangið [hq@noona.is](mailto:hq@noona.is).